

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

2017- 08 -14/0.2  
19.10.2017

## Efni: Stofnun verkefnaráðs vegna Suðurnesjalínu 2

Ég vil fyrir hönd Landsnets þakka fyrir góðan fund þann 6. september sl. Tilgangur þess fundar var að upplýsa fulltrúa sveitarfélagsins um upphaf vinnu vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurnesjalínu 2 og nýja verkefnanálgun með aukna áherslu á samráð og stofnun verkefnaráðs.

Landsnet hefur nú fundað með fulltrúum annarra sveitarfélaga á línuleiðinni í sama tilgangi og hefur samhliða og í framhaldi unnið að stofnun verkefnaráðs.

Áætlað er að Suðurnesjalína 2 fari um allt að 30 kílómetra leið og snerti hagsmuni margra. Það er Landsneti mikilvægt að vinna að undirbúningi verkefnisins í sem bestu samráði og samvinnu við samfélagið í heild sinni. Verkefnaráðum er ætlað að tryggja virkara samtal, skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdir á vegum Landsnets. Þannig nást milliliðalaus skoðanaskipti við íbúa og annara hagsmunaaðila auk hins hefðbundna samráðs við sveitarstjórnir.

Hjá Landsneti hefur verið unnið að hagsmunaaðilagreiningu vegna verkefnisins, í samræmi við það sem gert hefur verið í sambærilegum verkefnum erlendis. Í greiningunni hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komu fram á fundum Landsnets og sveitarfélaganna.

Erandi þessa bréfs er þríþætt. Í fyrsta lagi að kynna hugmyndir okkar um samsetningu verkefnaráðs sem við teljum að rími best við þær áherslur sem lagt er upp með. Horft er til þess að jafnvægi sé innan ráðsins, sjónarmið sem flestra heyrir sem og jafnvægi er varðar kynja- og aldurssamsetningu. Í öðru lagi óskum við eftir ábendingum frá ykkur ef einhverjar eru, að aðilum inn í ráðið auk þeirra sem listaðir hafa verið upp hér að neðan. Í þriðja lagi óskum við eftir þátttöku ykkar í verkefnaráði Suðurnesjalínu 2.

### Samkvæmt tillögu Landsnets eiga eftirtaldir aðilar fulltrúa í ráðinu:

- Sveitarfélög á línuleiðinni
  - Reykjanesbær
  - Grindarvíkurbær
  - Sveitarfélagið Vogar
  - Hafnarfjarðarbær
- SAR – Samtök atvinnurekanda á Reykjanesi
- Náttúruverndarsamtök Suðurvestrands
- Reykjanes Geopark
- Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
- Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs
- Reykjanesfólkvangur
- Markaðsstofa Hafnarfjarðar

Miðlun upplýsinga, samráð og samtal út í samfélagið verður með fjölbreyttum hætti sbr. hugmyndir hér um samráðsleiðir:

- Vefsíða: Allar upplýsingar, myndir, myndbönd, algengar spurningar og svör.
- Greinar í blöð, samfélags- og heimasíður um stöðu verkefnisins.

- Opin hús: Stuðla að umræðu og tækifæri til að spyrja, fá svör og koma með tillögur að úrslausnum eða viðfangsefnum.
- Fundir með íbúum, atvinnulífnum, o.fl.
- Miðlun í gegnum samfélagsmiðla.

Samráð við landeigendur verður í formi kynninga- og samráðsfunda auk annara samskiptaleiða sem best henta hverju sinni.

Af hálfu Landsnets munu verkefnastjóri Suðurnesjalínu 2, Smári Jóhannsson og undirrituð samráðsfulltrúi Landsnets sitja í ráðinu auk þess sem að kallaðir verða inn aðilar í takt við viðvangsefni ráðsins hverju sinni. Þar er verið að horfa til bæði sérfræðinga á vegum Landsnets sem og annarra aðila utan fyrirtækisins sem geta veitt upplýsingar, ráðgjöf eða annað sem komið getur að góðum notum við vinnu verkefnaráðsins.

Tillaga Landsnets er að verkefnaráð komi saman eftir þörfum á meðan verkefninu stendur, þ.e. frá undirbúningi og þar til framkvæmdum við raflínu er lokið. Áformað er að ráðið taki til starfa um leið og skipan í ráðið liggur fyrir.

Við vonum að jákvætt verði tekið í beiðni okkar um samvinnu á vettvangi verkefnaráðsins og óskum eftir tilnefningu á fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar í hópinn. Við leggjum áherslu á jafnvægi á öllum sviðum þannig að óskað er eftir að tilnefndir séu bæði karl og kona í ráðið til að hægt sé að stilla ráðinu upp þannig að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Þess er vinsamlegast óskað að tilnefning sveitarfélagsins liggji fyrir eigi síðar en 7 nóv n.k.

Tilnefning fulltrúa sem og ábendingar varðandi verkefnaráðið sendist til undirritaðrar á netfangið [elins@landsnet.is](mailto:elins@landsnet.is).

Virðingarfyllst,



Elín Sigríður Óladóttir  
Samráðsfulltrúi á Þróunar- og tæknisviði